

## Umsókn um stuðning við Ungmennaleikhús og leiklistarkennslu Gaflaraleikhússins

Gaflaraleikhúsið hefur frá því að það var stofnað fyrir 8 árum lagt áherslu á að setja upp vandaðar og skemmtilegar sýningar fyrir alla aldurshópa. Það hefur tekist mjög vel og skemmst er að minnast skemmtilegra barna og fjölskyldusýninga eins og Ævintýra Múnkhásens, Bakaraofnsins, Hvítt og Í Skugga Sveins og frábærra fullorðinssýninga eins og Blakkát og Góða dátans Svejk. Margar þessara sýninga hafa verið tilnefndar til Grímuverðlauna og Í Skugga Sveins var valin Barnasýning ársins nú í ár.

Kaflaskil urðu þó í leikhúsinu árið 2013 þegar leikhúsið fékk tvo unga höfunda, Óla Gunnar Gunnarsson og Arnór Björnsson, sem þá voru 14 og 15 ára til að skrifa verk sem fjallaði um unglunga. Það er skemmst frá því að segja að verkið sem fékk auðvitað heitið Unglingurinn og var leikstýrt af Björk Jakobsdóttur sló í gegn og var sýnt yfir 50 sinnum hér heima og erlendis og höfundarnir voru tilnefndir sem Sproti ársins á Grímuverðlaununum. Leikhúsið, með Björk sem leikstjóra og dramaturg, hefur síðan þá lagt áherslu á að starfa með ungu fólki að handritaskrifum og leik og hafa uppsetningar eins og Konubörn, Heili, hjarta, typpi og nú síðast Stefán rís drifið aldurshópin 12-25 ára á nýjan leik í leikhúsið. Stefán rís var t.a.m. tilnefnt sem leikrit ársins á Sögum – Verðlaunahátið barnanna þann 22. apríl s.l.

Auk þeirrar áherslu sem leikhúsið hefur lagt á að koma ungum höfundum á framfæri þá hefur það einnig lagt mikið í leiklistaruppeldi barna og unglunga. Leikhúsið hafði forgöngu að því árið 2010 að gera samning við skólaskrifstofu Hafnarfjarðarbæjar um leiklistarkennslu ungmenna í 9. og 10. bekkjum grunnskólanna í Hafnarfirði og árið 2012 bættist 8. bekkur við. Þessi kennsla hefur gengið mjög vel og hefur endað með glæsilegri sýningu 10. bekkjar á Grunnskólahátíð Hafnarfjarðar. Auk þessarar kennslu hefur leikhúsið verið með leiklistarnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-12 ára á vetrum og sumrum. Fyrir tveimur árum gerði leikhúsið samning við Flensborgarskólann um að efla leiklistarstarf í skólanum og það starf hefur sprungið út með miklum blóma undir stjórn Bjarkar eins og sjá má á síðustu tveimur sýningum skólans, Mormónabókinni og Pitz Pörfekt sem báðar fengu frábærar viðtökur og vel á annað þúsund áhorfendur.

### Afhverju sterkt ungmennaleikhús í Hafnarfirði ?

Það styrkir ekki eingöngu þau ungmenni sem að taka þátt. Það styrkir líka sjálfsmynd og sjálfsöryggi þeirra sem að koma að horfa og njóta. Krakkar upplifa sannan jafningjaspegil á sín málefni og tilfinningar. Þau fá að sjá leikrit og söngleiki sem eru skrifaðir af ungu fólki og fjalla um ungt fólk – þau sjálf.

Það hefur sýnt sig að það er sannarlega gott fyrir ímynd og sjálfstraust bæjarbúa að eiga afreksfólk. Við í Hafnarfirði höfum verið dugleg að rækta afreksfólk í íþróttum og nú með tilkomu Gaflaraleikhússins og áherslu okkar á ungmennaleikhús erum við komin með unglingalandslið í sviðslistum. Það eflir gríðarlega sjálfsmynd allra unglunga í Hafnarfirði að eiga helling af frábæru ungu hafnfirsku listafólki sem leiðir leik og tónlistarsenu framtíðarinnar á Íslandi.

Og Hafnarfjörður er að ala upp þessa framtíðarsníllinga.

Maður fylgist með krökkum sem æfa og þjálfast hjá okkur fara inn í menntaskóla eins og t.d í Versló, Flensborg, MH og víðar og alltaf taka þau forystu í félagsmálum og skapandi störfum.

Þetta eru þeir krakkar sem vinna með skóla við að skemmta börnum og unglingum með því að skapa list. Tónlist, myndbönd, skemmtipættir og leikrit. Það er ótrúlegt að sjá hvað þau eru að framleiða á ungum aldri

Það er ótrúlega mikilvægt fyrir börn og unglinga í Hafnafirði að eiga sterkar og jákvæðar fyrirmyndir sem sýna unglingum hvað hægt er að gera ef að maður bara kýlir á hlutina og hefur góða aðstöðu og aðstoð til þess.

Gaflaraleikhúsið er nú sannarlega í fremstu röð leikhúsa fyrir unga áhorfendur á Íslandi og hefur vakið athygli bæði hér heima og erlendis fyrir mikinn metnað og fagmennsku í uppfærslum sínum. En þessi metnaður kostar sitt. Leikhúsið leigir dýrt húsnæði fyrir starfsemi sína og hefur þurft að leggja til mikið fjármagn til kaupa á tækjum og búnaði. Árlegur kostnaður vegna leigu, hita og rafmagns, öryggis- og brunakerfa, ræstinga og viðhalds og skrifstofu og starfsmanna hefur margfaldast og var þessi kostnaður um 19 milljónir á síðasta ári og leikhúsið þarf því algerlega að treysta á sjálfsaflafé með tekjum af útleigu og eigin sýningum til framleiðslu sýninga og tækjakaupa. Ekki hefur verið hægt að hafa starfsmenn í fullu starfi og í sumar hætti tæknistjóri hússins sem var í 50% starfi á lágmarkslaunum vegna þessa og nú er framkvæmdastjóri eini fasti starfsmaðurinn í 75% starfi. Leikhúsið þarf því að treysta á verktaka í uppsetningum sínum og raunveruleg hættu er á að leikhúsið missi færa starfsmenn til annara starfa. Fjárjóður hvers leikhúss eru starfsmenn þess og ef ekki er hægt að borga mannsæmandi laun þá hrynja stoðirnar.

Hafnarfjarðarbær hefur frá árinu 2013 veitt leikhúsinu rekstrar og framleiðslustyrk upp á 20 milljónir á ári (án þess að sú tala hafi fylgt leigu- eða launavísitölu) og eins hefur leikhúsið nokkrum sinnum fengið framleiðslustyrki frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu (í gegnum Leiklistarráð). Ekki hefur verið hægt að treysta á styrkveitingar ráðuneytisins eins og vonast var eftir í upphafi og það er því aldrei ljóst hvort að styrkur fáiast fyrir leikverkum næsta starfsárs eða ekki. Það er ekki hægt að stóla á að fá styrk fyrir ungmennasýningum þar sem þær lenda á óræðu svæði. Þetta eru sannarlega atvinnusýningar en það er listrænt val að ráða unga leikara sem ekki eru með BA gráðu í listinni. Þetta gerir Leiklistarráði erfitt fyrir að styrkja þessar sýningar. Reyndar fengum við 5 milljón króna styrk frá þeim fyrir nýrri ungmennasýningu sem heitir Fyrsta skiptið og fer á fjalirnar í haust sem er mikil viðurkenning og sýnir hversu mikilvægt Leiklistarráði þykir starf okkar. En við vitum að Leiklistarráð getur ekki alltaf styrkt ungmennaverkefni og við viljum allra helst leggja langmesta áherslu á ungmennaleikhúsið okkar og rækta hér upp stórkostlega hæft listafólk með frumkvæði og sjálfstraust.

En á slíka styrki er ekki hægt treysta og við viljum endilega festa besta ungmennaleikhús á Íslandi í sessi. Um 10.000 ungmenni koma árlega í leikhúsið okkar á leiksýningar, viðburði, námskeið og fleira. Og þetta eru ungmenni sem fara ekki bara í leikhús af því að mamma og pabbi sögðu þeim að gera það heldur af því að það er kúl og flott og þau ætla sko alls ekki að missa af því.

Leikhúsið hefur mikinn vilja til þess að vera áfram sterk stoð í menningarlífi Hafnarfjarðar og vill sérstaklega halda áfram því öflugra starfi sem hefur verið í leikhúsinu með ungu fólki fyrir unga áhorfendur undir stjórn Bjarkar Jakobsdóttur. Til þess að það sé mögulegt fer leikhúsið fram á að Hafnarfjarðarbær styrki ungmennastarf Gaflaraleikhússins sérstaklega um 5 milljónir króna árlega. Í því myndi felast að leikhúsið skuldbindur sig til að setja upp eina atvinnusýningu á ári með ungu fólki fyrir unga áhorfendur. Þar að auki verður leikhúsið með vandaða leiklistarkennslu fyrir 8.-10. bekk í sama formi og verið hefur og setur upp veglega leiksýningu með 10. bekkungum á Grunnskólahátíðinni. Leikhúsið myndi vilja að þessi upphæð yrði sérstaklega eyrnamerkt ungmennadeild leikhússins og færi ekki í annan rekstur eða önnur verkefni.

5 milljónir króna hljómar kannski sem há fjárveiting. En til viðmiðunar kostar um 8 milljónir að setja upp eina litla atvinnusýningu eftir að að búið er að semja alla niður úr gólfinu í launum.

Vönduð sýning með 10. bekk kostar a.m.k 2 milljónir og leiklistarkennslan borgar sig aðeins með yfir 20 börn í hverjum aldurshóp.

Þannig að allt sem við ætlum að gera fyrir þessa 5 milljón kr. aukafjárveitingu er a.m.k 10 milljón króna virði ... þannig að gróðinn fyrir bæinn er í raun 5 milljónir. 😊

Við vonum innilega að Hafnafjarðarbær sjái þörfina og mikilvægi þess að halda áfram með þetta góða starf. Við vitum hvað þetta starf gerir fyrir ungmennin okkar, bæði þau sem standa á sviðinu og þau sem koma að horfa.

Með von um skilning og sameiginlegan metnað fyrir frábæru ungmennastarfi

Með bestu kveðju

**Björk Jakobsdóttir, Lárus Vilhjálmsson, Gunnar Helgason,**